

Sveitarfélagið Hornafjörður
Bt skipulagsnefnd
Hafnarbraut 27
780 Höfn

**Efni: Umsókn um bílastæðalóð milli Hvannabrautar 5 og 7.
Umsókn um lóðina Hvannabraut 7 Höfn, landeignanúmer L236602.
Umsókn um breytingu á deiliskipulagi til stækkunar á verslunar-og þjónustusvæði að
Hvannabraut 1-5 svo að það innihaldi bílastæði og lóðina að Hvannabraut 7 Höfn**

Undirritaður sækir hér með um bílastæðalóðina sem er skv deiliskipulagi á milli Hvannabrautar 5 og Hvannabrautar 7 Höfn Hornafirði
Undirritaður er eigandi af Hvannabraut 1, 3 og 5 þar sem er rekið Höfn Hostel gistiheimili.

Bílastæðalóðin mun að mestu vera nýtt af viðskiptavinum gistiheimilisins. Allur kostnaður af gerð bílastæða á lóðinni, jarðvegsskipti malbikun og merkingar ásamt rekstri, td snjómokstur viðhald yrði greiddur af umsækjanda.
Umsækjandi er reiðubúinn til að hefja framkvæmdir um leið og kostur er.

Undirritaður sækir hér með um lóðina Hvannabraut 7 Höfn, landeignanúmer L236602.
Forsendur umsóknarinnar er að deiliskipulagi fyrir lóðina verði breytt í verslunar- og þjónustulóð. Nú er umsækjandi lóðarleiguhafi af Hvannabraut 1, 3 og 5 sem eru skv aðalskipulagi viðskipta- og þjónustulóðir svo um er að ræða óverulega stækkun sem nemur bílastæðalóðinni og Hvannabraut 7 Höfn.

Lóð Hvannabrautar 7, 985 fm af stærð og er nýtingarhlutfall skv. deiliskipulagi 0,20 til 0,35.
Sótt er um að byggja hús með 6 útleigueiningum sem mun rúmast innan nýtingarhlutfallsins.
Umsækjandi er reiðubúinn til að hefja uppbyggingu á lóðinni um leið og kostur er

Leiða má rök að því að bílastæðalóðin muni að mestu vera nýtt af viðskiptavinunum Höfn Hostel og því gæti myndast hagsmunaárekstrar með eigendum að Hvannabraut 7 ef að á henni væri byggt einbýlishús.
Aukning um 6 gístieiningar er ekki veruleg aukning á umferð um götuna.
Nánari útfærslu er undirritaður tilbúinn til að ganga til samninga um.

Ég undirritaður fyrir hönd Hammer 300 ehf óska eftir því að þessi fyrirspurn verði tekin fyrir af skipulagsnefnd og bæjarstjórn.

Vinsamlega upplýsið ef að þessi umsókn á að fara í annan farveg en með tölvupósti á afgreidsla@hornafjordur.is

Höfn 5.3.2025

Fh Hammer 300 ehf
Steinþór Geirdal Jóhannsson

Núverandi deiliskipulag



Ósk um breytingu á deiliskipulagi.

